

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samþykkt neðangreindar breytingar:

Heilsársbyggð í landi Ásgarðs, Ásbergir.

Deiliskipulagið nær yfir 18 ha lands milli Þingvallavegar og Sogs. Svæðið var samþykkt 11. júní 1996 sem framtíðarsumarhúsabyggð í deiliskipulagi sumarhúsasvæðis Ásgarðs. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins sem samþykkt var af sveitarstjórn þann 17. janúar 2001 var svæðinu breytt í heilsársbyggð.

Frístundabyggð í landi Kringlu II.

Deiliskipulagið nær yfir 86 ha lands þar sem gert er ráð fyrir 12 lóðum fyrir frístundahús.

Ofangreint, sem auglýst er með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 27. janúar 2004.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um varnarefnaleifar í matvælum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um varnarefnaleifar í matvælum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Aðgerðarmörk: sýna mesta leyfilegt frávik frá hámarksgildi vegna óvissu í sýnatöku og niðurstöðum rannsókna.

Aðskotaefni: eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra.

Áhættumat: er mat á hættu og byggist það á því hve mikið magn varnarefnaleifa mælist í matvælum og hugsanlegri neyslu á þeim, eiturefnafræðilegum eiginleikum viðkomandi varnarefna svo og niðurbrotshraða og niðurbrotsefnum þeirra.

Egg: eru einnig eggjavörur svo sem eggjarauður.

Fiskur og fiskafurðir: eru fiskhold og innflyi af og úr þeim fisktegundum, sem almennt eru nýttar til manneldis og vörur unnar úr þeim, ásamt krabbadýrum (*Crustacea*), samlokum (*Bivalvia*), smokkfiskum (*Cephalopoda*) og sniglum (*Gastropoda*) án skelja.

Hámarksgildi: er mesta magn varnarefnaleifa sem leyfilegt er í hverri þyngdar- eða laga-reiningu matvæla eins og þau koma fyrir tilbúin til neyslu. Fyrir varnarefnaleifar í ávöxtum